

Samþætting Aðalskipulags og Staðardagskrár 21

Síðastliðinn vetur ákvað bæjarstjórn Blönduósbæjar að taka þátt í tilraunaverkefni um samþættingu aðalskipulags og Staðardagskrár 21. Þetta verkefni er unnið á vegum Skipulagsstofnunar, Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 og fyrirtækisins Landmótunar sem er skipulagsráðgjafi sveitarfélagsins.

Verkefnið felur í sér mótun heildaráætlunar um landnýtingu og velferð íbúa sveitarfélagsins til næstu 12 ára; ***hvernig vilja íbúarnir að sveitarfélagið þróist á næstu árum?***

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal það taka til alls lands innan staðarmarka þess. Þar kemur m.a. fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustu, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu. Stefnumörkun aðalskipulagsins skal ná til a.m.k. 12 ára tímabils.

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sveitarstjórnar til langs tíma, þar sem horft er samtímis á allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslega, efnahagslega og umhverfislega þætti. Þessi áætlun er leið sveitarfélaga til að skipuleggja starf sitt lengra fram í tímann en venjan er, en það ásamt markvissri stjórnun auðveldar betri nýtingu fjármuna og mannafla sveitarfélagsins, sem og stuðlar að aukinni ánægju íbúa.

Aðalskipulag og Staðardagskrá 21 fjalla um svipuð atriði og með því að vinna jafnhliða að mótun þessara tveggja áætlana, fæst heildstæð framtíðaráætlun um þróun sveitarfélagsins og hvernig ætlunin er að stuðla að sem bestum hag íbúanna til lengri tíma litið.

Í þessari vinnu er mikilvægt að fá fram sem flest sjónarmið íbúa og annarra hagsmunaaðila strax í upphafi. Þess vegna var boðað til almenns íbúafundar sem haldinn var á Blönduósi þann 7. maí 2008. Góð mæting var á fundinn og voru þátttakendur virkir í umræðum og skoðanaskiptum. Tilgangur fundarins var að fá fram skoðanir fólks í einstökum málaflokkum og hugmyndir að verkefnum sem stefna skyldi að á næstu árum. Í framhaldinu verður síðan unnið áfram með þessar hugmyndir við gerð aðalskipulags og Staðardagskrár 21.

Hér með fylgja allir þeir punktar sem komu fram á íbúafundinum og er tilgangurinn að miðla upplýsingum til íbúa, bæði þeirra sem mættu á fundinn, sem og hinna sem ekki sáu sér fært að mæta. Punktarnir eru „eins og þeir koma af skepnunni“ þ.e. engir punktar hafa verið vinsaðir úr og þarna eru því allar þær hugmyndir sem komu fram.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér þau atriði sem komu fram á fundinum og jafnframt að koma frekari ábendingum á framfæri í netfangið pall@blonduos.is

Það er von þeirra sem að þessu verkefni vinna að sem flestir íbúar kynni sér það starf sem verið er að vinna og komi ábendingum á framfæri, því með því móti koma sem flest sjónarmið fram og í sameiningu getum við mótað enn betra samfélag sem er íbúunum til heilla.